



# Dalapósturinn

4. tölublað 2012

4. apríl

---

## Sælingsdalslaug – opnunartimar yfir páska

Þriðjudaginn 3. apríl er opið kl. 17-20.

Miðvikudaginn 4. apríl er opið kl. 17-20.

Fimmtudaginn 5. apríl (skírdagur) er opið kl. 15:30-17.

Föstudaginn 6. apríl er lokað.

Laugardaginn 7. apríl er opið kl. 11-14.

Sunnudaginn 8. apríl er lokað.

Mánudaginn 9. apríl er lokað.

Aðra daga í apríl verður síðan opið á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum.

Íþróttahúsið er opið á sama tíma og sundlaugin. Engir hópar eru á Laugum til 10. apríl og því tilvalið að mæta á staðinn og nýta húsið.

Ef hópar vilja koma í sund að salinn í páskafríinu er hægt að hafa samband við Írenu í síma 434 1102. Lámarksfjöldi er 10 manns fyrir aukaopnun.

---

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.  
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

---

## Sælingsdalslaug - gjaldskrá

	Almennt verð	Afsláttarverð <sup>1)</sup>
Stakir miðar	500 kr	200 kr
10 miðar	3.000 kr	1.200 kr
20 miðar	5.500 kr	2.000 kr
Árskort	20.000 kr	7.000 kr

<sup>1)</sup>Börn 7-16 ára, eldri borgarar og öryrkjar

Sturta eingöngu	100 kr
Leiga á handklæði	300 kr
Leiga á sundfötum	300 kr

Gjaldfrítt er í sundlaug fyrir 6 ára og yngri.

Gjaldfrítt er fyrir eldri borgara með lögheimili í Dalabyggð.

Fylgdarmenn öryrkja og fararstjórar hópa (>12 manna) fá gjaldfrjáls afnot af sundlaug.

Notendum íþróttahúss sem eiga aðgangskort er heimilt að fara endurgjaldslaust í sund í framhald af tíma í íþróttahúsi innan opnunartíma sundlaugar.

Ekki er selt í þreksal. Íbúar Dalabyggðar, starfsmenn Ungmenna- og tómstundabúða, Hótels Eddu og hópar með fastan samning um afnot að íþróttamannvirkjum geta fengið aðgang að þreksal og eru þar á eigin ábyrgð.

Slökkviliðsmenn Dalabyggðar hafa gjaldfrjáls afnot af sundlaug og að íþróttahúsi til æfinga.

## Dagforeldrar í Dalabyggð

Til að starfa sem dagforeldri þarf leyfi félagsmálanefndar Dalabyggðar. Umsóknum og fyrirspurnum varðandi starfsleyfi til dagsvistunar barna skal beint til Félagsþjónustu Dalabyggðar (sími 898 9222 / 433 7100).

Umsóknum um vistun hjá dagforeldri skal beint til viðkomandi dagforeldris. Á vef Dalabyggðar er listi yfir dagforeldra með leyfi frá félagsmálanefnd. Einn aðili hefur nú fengið starfsleyfi, Jónína Kristín Guðmundsdóttir (sími 434 1181 / 869 1402).

Dagvistunargjöld hjá viðurkenndum dagforeldrum eru niðurgreidd í samræmi við reglur um niðurgreiðslur vegna daggjalda barna á einkaheimilium. Þær má finna á vef Dalabyggðar eða fá á skrifstofu sveitarfélagsins. Umsóknum og fyrirspurnum varðandi niðurgreiðslur dagvistunargjalda skal beint til Félagsþjónustu Dalabyggðar (sími 898 9222 / 433 7100).

## Skipulags- og byggingarmál

Ný eyðublöð varðandi byggingarmál hafa verið tekin í notkun fyrir Árneshrepp, Dalabyggð og Reykhólasveit. Samhliða því hafa allar síður á vef Dalabyggðar er varða skipulags- og byggingarmál verið uppfærðar og þjóna nú öllum ofangreindum sveitarfélögum. Gjaldskrár, aðal- og deiliskipulög hvers sveitarfélags eru þó á heimasíðum hvers sveitarfélags fyrir sig.

Vitað er um nokkra ágalla á þessum eyðublöðum og ekki síst í leiðbeiningum. Eftir allnokkra bið eftir leiðréttingum hjá þjónustuaðila eru þeir þó ekki taldir stórvægilegir, miðað við það hagræði sem fæst af rafrænum eyðublöðum.

Allar ábendingar varðandi eyðublöðin eru vel þegnar og skal komið á framfæri við byggingarfulltrúa, netfang bogi@dalir.is.

## Páskabingó Auðarskóla

Nemendafélag Auðarskóla heldur sitt árlega páskabingó laugardaginn 7. apríl í Tjarnarlundi, Saurbæ. Húsið opnar kl. 19:30 og hefst bingóið kl. 20:00. Spjaldið kostar 500 kr.

Góðir vinningar í boði. Posi á staðnum. Allir velkomnir.

*Nemendur Auðarskóla*

## Aðstoðarmatráður Silfurtúni.

Óskað er eftir aðstoðarmatráði í mötuneyti Silfurtúns frá 1. maí 2012 til 1. mars 2013. Um er að ræða 70% starf. Laun eru samkvæmt kjarasamningi SDS og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar veitir Sveinn Pálsson sveitarstjóri í síma 430 4700 eða Eypór Gíslason í síma 898 1251. Umsóknir sendist á netfangið sveitarstjori@dalir.is eða á skrifstofu Dalabyggðar, bt. sveitarstjóri, Miðbraut 11, 370 Búðardalur.

## Rúlluplast

Næstu söfnunardagar á rúlluplasti eru 16.-18. apríl. Plastið þarf þá að vera aðgengilegt verktökum og baggabönd sér í glærum plastpokum.

## Héraðsbókasafn Dalasýslu

Opnunartímar eru á þriðjudögum 15-19 og fimmtudögum 13-16 (lokað á skírdag).

Bókasafnsdagurinn verður þriðjudaginn 17. apríl undir kjörorðunum „Lestur er bestur“. Þann dag verður bryddað upp á ýmsu fróðlegu og skemmtilegu.